



Starfsreglur Frístundar á Húsavík

Gildissvið

Reglur þessar gilda um umgjörð, umsóknir, innritun, gjaldtöku og innheimtu í Frístund á Húsavík. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. barnalögum.

Almennt um Frístund

Norðurþing starfrækir Frístund fyrir börn í 1. - 4. bekk í íþróttahöllinni á Húsavík og í Borgarhólsskóla. Starfsemi Frístundar er tvíþætt. Annars vegar lengd viðvera á starfstíma Borgarhólsskóla og hins vegar fjölbreytt starfsemi yfir sumartímann.

Frístund á Húsavík starfar samkvæmt 33. gr. laga um grunnskóla, viðmiðum um starfsemi frístundaheimila sem sett eru af mennta- og menningarmálaráðuneytinu og starfsreglum þessum um þjónustu Frístundar.

Markmið Frístundar er að bjóða börnum á aldrinum 6-9 ára innihaldsríkt frístunda- og tómstundastarf í barnvænu og skapandi umhverfi þar sem starfshættir einkennast af frjálsum leik og vali.

Sett er upp samfelld heilsárs dagskrá samhliða skóladagatali hvers árs.

Á vefsíðum Norðurþings og Borgarhólsskóla er að finna ítarlegri upplýsingar um Frístund.

1. Umsókn og innritun

Skráning í Frístund fer fram á vef Norðurþings. Forskráning fer fram á vorin um leið og innritun í skóla. Einnig er hægt að fá aðstoð við að fylla út rafræna umsókn um dvöl í Frístund. Auglýsing birtist á vef Norðurþings og send á foreldra í mentor. Þegar sótt hefur verið um í Frístund fá foreldrar staðfestingu um að umsókn hafi verið móttækin. Öll þau börn sem skráð eru á vorin fá inni í Frístund. Staðfest skráning gildir út allt skólaárið. Felur hún í sér tímann sem barnið er í Frístund á hverjum degi, sem foreldri greiðir fyrir samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Innritun í Frístund gildir fyrir alla starfsemi hennar, bæði á starfstíma Borgarhólsskóla og fyrir starfsemi á sumartíma. Fjallað er um uppsögn og breytingu á vistun í kafla 5. Áður en starfsemi Frístundar yfir sumartímann hefst er innritun auglýst fyrir þá sem vilja nýta sér þá starfsemi sérstaklega.

Tvö tímabil eru í sumarfrístund, fyrir og eftir sumarfrí. Sumarlokun er í júlí samhliða sumarlokun leikskóla og er auglýst sértaklega á starfsdagatali. Nemendur sem hafa lokið leikskóla geta sótt um Frístund eftir sumarlokun.

2. Opnunartími, skipulagsdagar og sumarleyfi frístundar

Almennur opnunartími Frístundar er frá 13.00-16.15. Á haustin byrjar Frístund sama dag og skólinn hefst og lokar á vorin síðasta skóladag. Skóladagatal grunnskóla er grundvöllur að samstarfi Borgarhólsskóla og Frístundar um þá þjónustu sem börn í 1.-4. bekk og foreldrar þeirra njóta. Á skóladagatali koma fram allir frídagar og óhefðbundnir skóladagar.

Um sumartímann er opið frá 8-12 og 13-16 og hægt að velja vistun í heilan dag eða hálfan.

Í júní eftir að skóla lýkur og í ágúst fram að skólabyrjun verður hægt að velja vistun í viku í senn en skráningu fyrir júní mánuð lýkur 31. maí og skráningu fyrir ágúst lýkur 30. júní. Gera má ráð fyrir að boðið verði upp á slíka vistun í fjórar vikur í júní og þrjár í ágúst en Frístund verði lokað í júlí.

Að jafnaði hefst starfstími Frístundar ár hvert að lokinni sumarlokun í ágúst og lýkur þegar sumarlokun hefst í byrjun júlí.

Starfstími Frístundar er nánar útlistaður í starfsdagatali Frístundar sem samþykkt er í fjölskylduráði ár hvert.

Um frídaga og óhefðbundna skóladaga gildir eftirfarandi:

- a. Opið er í frístund þegar skóli er lokaður um jól og páska en ekki er opið á rauðum dögum. Þá daga er sérskráning í frístund.
- b. Á óhefðbundnum skóladögum þar sem kennsla fellur niður að hluta, hefst Frístund um leið og kennslu lýkur. Óhefðbundnir skóladagar geta verið að hámarki 10 dagar yfir skólaárið. Þetta geta verið t.d. íþróttá- og útivistardagar, sérstakir þemadagar, námsmats- eða prófdagar og vorferðadagar.
- c. Frístund er lokað í haust- og vetrarfríum grunnskólans og samhliða sumarlokun leikskóla.
- d. Starfsdagar/skipulagsdagar frístundaheimila eru tveir á skólaárinu, að jafnaði einn á haustönn og annar á vorönn. Þessa daga er ekki tekið á móti börnum. Ofan taldir frídagar á frístundaheimilum og óhefðbundnir skóladagar hafa ekki áhrif á gjaldtöku.
- e. Á starfsdögum og viðtalsdögum verður hægt að kaupa auka tíma í frístund frá 8-12. Frístund er síðan opin eins og venjulega eftir hádegi. Þessa daga gildir sérskráning í Frístund.

3. Skilyrði fyrir dvöl í frístund

Skilyrði fyrir dvöl barna í Frístund á skólatíma er að barnið sé nemandi í Borgarhólsskóla. Til að fá dvöl að sumri þarf annað foreldrið að vera með lögheimili í Norðurþingi. Úthlutun er háð því að foreldri/forráðamaður sé ekki í vanskilum með vistunar- eða fæðisgjöld hjá Norðurþingi.

4. Gjaldskrá og afslættir

Gjaldskrá frístundar er endurskoðuð einu sinni á ári og tekur sveitarstjórn Norðurbings ákvörðun um breytingar á henni. Foreldrar barna sem er undir þeim viðmiðunartekjum sem sveitarfélagið ákveður hverju sinni geta sótt um tekjutengdan afslátt af vistunargjöldum á vefsíðu sveitarfélagsins. Tekjur miðast alla jafna við niðurstöðu síðasta skattframtals. Verði foreldrar fyrir skyndilegum tekjumissi og tekjur þeirra fara undir viðmiðunarmörk í þrjú mánuði eða lengur vegna atvinnumissis, óvinnufærni vegna slyss eða veikinda eða andláts maka geta þeir sótt sérstaklega um tekjutengdan afslátt vegna tekjumissis. Slíkar umsóknir skulu berast fræðslufulltrúa Norðurbings ásamt gögnum sem staðfesta skyndilegan tekjumissi. Fræðslufulltrúi metur og afgreiðir slíkar umsóknir ásamt fjármálastjóra. Upplýsingar um tekjuviðmið er að finna í gjaldskrá Frístundar á vefsíðu sveitarfélagsins. Umsóknir um tekjutengdan afslátt þurfa að berast fyrir 20. hvers mánaðar til þess að taka gildi um næstu mánaðarmót á eftir. Afslættir eru ekki veittir afturvirkir. Endurnýja þarf umsókn um afslátt ár hvert. Systkinaafsláttur er auk þess veittur samkvæmt gjaldskrá:

Systkinaafsláttur samkvæmt gjaldskrá Frístundar.:

Með öðru barni 50%

Með þriðja barni 100%

Ekki er veittur afsláttur af fæðisgjöldum en hægt er að fá fæðiskostnað felldan niður ef sótt hefur verið um leyfi fyrir nemanda í samfelld 4 vikur eða lengur. Geti nemandi ekki sótt leikskóla vegna veikinda samfelld 4 vikur eða lengur er hægt að óska eftir niðurfellingu fæðis og vistunargjalda gegn framvísun læknisvottorðs. Foreldrum ber að tilkynna leikskólastjóra um breytingu á högum sínum s.s. breytt heimilisfang, símanúmer og hjúskaparstöðu.

5. Uppsögn/breyting á samning

Gagnkvæmur skriflegur uppsagnarfrestur á dvalarsamningi er einn mánuður hið minnsta og miðast við 20. hvers mánaðar og tekur uppsögn gildi um næstu mánaðarmót þar á eftir.

Allar breytingar á dvalartíma þurfa að berast deildarstjóra frístundar með tölvupósti fyrir 20. hvers mánaðar og tekur breytingin gildi um næstu mánaðarmót þar á eftir.

6. Veikindi

Geti barn ekki sótt frístund vegna veikinda í fjórar vikur samfelld eða lengur geta foreldrar sótt um allt að 50% afslátt af dvalargjaldi í frístund og 100% niðurfellingu fæðisgjalds. Afsláttur er veittur fyrir þann tíma er veikindi vara gegn framvísun læknisvottorðs sem staðfestir að barnið hafi ekki getað sótt frístund.

Sækja verður um afsláttinn innan þriggja mánaða frá því að veikindum lýkur. Gjöld eru greidd eftir á og er gjalddagi frístundar í byrjun hvers mánaðar og eindagi 25 dögum síðar.

Ef um þriggja mánaða skuld eða eldri er að ræða skoðast það sem uppsögn á vistun í Frístund.



7. Húsnæði frístundaheimila

Frístund er staðsett á Grænatorgi (í Íþróttahöll) og í Borgarhólsskóla Rekstrarkostnaður, s.s. viðhald, ræsting og rekstur aðgangskerfa, er á ábyrgð skólustjóra/deildarstjóra Frístundar eftir því sem við á. Sérstaklega skal áætla fjármagn árlega til efnis- og tækjakaupa fyrir hvert frístundaheimili sem er óháð öðru fjármagni grunnskóla ef rekstur frístundaheimilis er undir skólanum.

8. Samstarf

Tryggja þarf samstarf og samráð Frístundar og Borgarhólsskóla. Stjórnendur skólans kynna að vori skóladagatal komandi vetrar fyrir deildarstjóra frístundar og deildarstjóri kynna starfsemi Frístundar fyrir stjórnendum skólans.

Gagnkvæmt upplýsingastreymi skal vera á milli Borgarhólsskóla og Frístundar með reglulegum fundum. Skóli veitir deildarstjóra frístundaaðgang í Mentor. Sá aðgangur er notaður til að kynna starfsemi Frístundar og annað frístundastarf fyrir foreldrum með tölvupósti.

Deildarstjóri Frístundar er kallaður inn á nemendaverndarráðsfundi (í samræmi við 20. grein í Reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum), teymisfundi vegna 6-9 ára barna sem eiga rétt á þjónustu viðkomandi Frístundar og aðra samstarfsfundi eins og þurfa þykir. Forstöðumaður Frístundar situr upplýsingafundi leik- og grunnskóla vegna 6 ára barna. Samstarf er við leikskólustjóra um að deildarstjóri sitji skilafund varðandi börn sem gætu þurft á stuðningi að halda í Frístund. Þetta er gert til að tryggja samfellu í þjónustu við barnið.

9. Mannauður

Deildarstjóri skal hafa fagmenntun á sviði uppeldis- og/eða tólmstunda- og félagsmálafræða. Frístundaleiðbeindur skulu hafa menntun og/eða reynslu sem nýtist í starfi. Hver starfsmaður skal að jafnaði hafa umsjón með 15 börnum. Til viðbótar koma starfsgildi vegna barna sem þurfa sérstakan stuðning. Starfsmannapörf er reiknuð út frá fimm daga vistun, þ.e. börn sem ekki eru alla daga vikunnar eru umreiknuð í s.k. fimm daga vistun.

10. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi frá og með 1. janúar 2024 og eru endurskoðaðar eftir þörfum.

Samþykkt í fjölskylduráði Norðurþings 5. desember 2023.
Samþykkt í Sveitarstjórn Norðurþings þann 22. desember 2023

